



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Sv. Árborgar

Austurvegi 67
800 Selfoss

Selfossi, 2. júlí 2025
2505125HS RS

Efni: Jórvík 1, áfangi 2 og Björkurstykki III - umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi

Þann 23. maí sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá sveitarfélaginu Árborg í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að deiliskipulagi fyrir Jórvík 1, annan áfang, og Björkurstykki III í Árborg.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði og nær skipulagssvæðið yfir 46,6 ha, þar sem 28,9 ha falla undir annan áfanga Jórvíkur og 17, 5 ha yfir Björkurstykki III. Megin markmið deiliskipulagsins er að afmarka lóðir og skilgreina byggingarreiti ásamt því að setja skilmála fyrir uppbyggingu innan fyrirhugaðs íbúðarsvæðis. Einnig er afmörkuð ein þjónustulóð fyrir leikskóla og önnur lóð fyrir verslun og þjónustu. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir 1200 íbúðum, 760 í öðrum áfanga í Jórvík og 430 í Björkurstykki III. Samanlagður íbúðafjöldi fyrir bæði svæðin er áætlaður 3000 íbúar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir við skipulagið sem slíkt, en bendir á að fyrirhuguð þjónustulóð fyrir leikskóla er við hringtorg og gæta verður þess að hljóðstig verði undir leyfilegum viðmiðunarmörkum fyrir leik- og grunnskóla sem tilgreind eru í töflum I og III í viðauka með rg. nr. 724/2008 um hávaða.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi